



HRAUNEYJAFOSSSTÖÐ OG ÞÓRISTUNGUR Í ÁSAHREPPI OG RANGÁRÞINGI YTRA

Greinargerð deiliskipulags

21.11.2022



SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta var auglýst samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum.

Deiliskipulagið var samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps _____

f.h. Ásahrepps

Deiliskipulagið var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra _____

f.h. Rangárbings ytra

Skipulagslýsing var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

1611-301-01-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Sólveig Olga Sigurðardóttir

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulagsgögn	6
1.2	Helstu þættir deiliskipulagsins	6
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	6
2.1	Hrauneyjafossstöð	7
2.1.1	Yfirbragð mannvirkja	8
2.2	Þóristungur	8
2.3	Náttúrufar	9
2.4	Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna	10
2.4.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	10
2.4.2	Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032	10
2.4.3	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	13
2.4.4	Samræmi deiliskipulagstillögu við fyrirbyggjandi áætlanir	14
2.4.5	Deiliskipulag	14
2.4.6	Deiliskráning fornminja	15
2.4.7	Mannvirkjaskráning	15
2.4.8	Þjóðlenda	15
3	SKIPULAGSSKILMÁLAR	16
3.1	Iðnaðarlóðir	16
3.1.1	Skilmálar fyrir mannvirki Hrauneyjafossstöðvar	16
3.2	Lóð fyrir fjallasel á Þóristungum	17
3.2.1	Skilmálar fyrir mannvirki á Þóristungum.	17
3.3	Samgöngur	17
3.4	Veitur	18
3.4.1	Rafveita	18
3.4.2	Vatnsból	18
3.4.3	Fráveita	18
3.4.4	Ljósleiðari	19
3.5	Efnistökusvæði	19
3.6	Sorp	19
3.7	Regnvatn	19
4	ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR	19
4.1	Hönnun og uppdrættir	19
4.2	Mæliblöð	19
4.3	Frágangur lóða og umgengni	19
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	20
5.1	Matsskylda	20
5.2	Matsspurningar og viðmið	20
5.3	Valkostir og umhverfisáhrif þeirra	22
5.3.1	Niðurstaða	23
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	24
6.1	Skipulagslýsing	24

6.2	Umsagnaraðilar deiliskipulagstillögu _____	24
6.3	Skipulagsferli _____	24
7	HEIMILDIR _____	25

1 INNGANGUR

Sett er fram sameiginlegt deiliskipulag fyrir Hrauneyjafosstöð og leitarmannahúsið Þóristungur á Holtamannaafreitti.

Hrauneyjafosstöð (landnr. 165332). Mannvirki eru í Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun. Uppsett afl Hrauneyjafosstöðvar er allt að 210 MW og verður heimilt að stækka hana í 240 MW. Ef farið verður í þær framkvæmdir munu þær einungis felast í endurbótum á núverandi vélum og verða innanhúss.

Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá voru fornminjar skráðar.

Þóristungur (landnr. 229271), mannvirki eru í Ásahreppi. Á staðnum er skáli og hesthús, gisting er fyrir 14 gesti. Mannvirki eru nýtt sem leitarmannahús og í langtímaleigu, einkum til veiðimanna. Heimilt er að byggja eitt hús til viðbótar og vera með gistingu fyrir allt að 40 gesti. Þóristungur er fjallasel skv. aðalskipulagi.

Skipulagssvæðið er tvískipt og er um 173 ha að stærð.

Markmið

Deiliskipulaginu er ætlað að setja ramma utan um starfsemi á svæðinu og viðhald hennar til framtíðar og að gerð sé grein fyrir mannvirkjum í skipulagi.

Markmið með gerð deiliskipulags fyrir Hrauneyjafosstöð er að:

- Hafa gildandi deiliskipulag fyrir stöðvarmannvirki virkjunarinnar.
- Tryggja örugga umgjörð um aðgengi og umferð um svæðið.
- Setja skilmála fyrir verndun og viðhald núverandi mannvirkja.
- Setja inn heimild fyrir frekari raforkuframleiðslu með stækkun aflvéla.

Markmið með gerð deiliskipulags fyrir Þóristungur er að:

- Afmarka lóð fyrir núverandi og ný mannvirki og skilgreina byggingarheimildir.
- Setja skilmála um yfirbragð mannvirkja, rask á framkvæmdatíma og frágang svæðis að framkvæmdum loknum.
- Tryggja vernd gróðurs/vistgerða, náttúruminja og fornminja.

Áhersla er lögð á að mannvirki falli vel að landslagi og ásýnd svæðisins. Gerð er grein fyrir helstu veitum eins og vatnsveitu, tengingu rafmagns, háspennulínnum og útfærslu fráveitu. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir mannvirki Hrauneyjafosstöðvar. Gerð er grein fyrir henni og settir skilmálar um verndun og viðhald mannvirkja, eftir því sem við á. Einnig er gerð grein fyrir deiliskráningu fornminja.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsupprættir eru unnir á grunni loftmyndar frá Loftmyndum ehf, kortagrunnum IS50v frá LMÍ, auk grunna sveitarfélagsins. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppráttur fyrir Hrauneyjafossstöð í mkv. 1:2.000.
- Deiliskipulagsuppráttur fyrir botnrás í mkv. 1:2.000.
- Deiliskipulagsuppráttur fyrir fjallaselið Þóristungur í mkv. 1:2.000.
- Yfirlitsuppráttur deiliskipulags í mkv. 1:25.000.
- Greinargerð með skipulags- og byggingarskilmálum og umhverfisskýrslu.

1.2 Helstu þættir deiliskipulagsins

Helstu þættir sem deiliskipulagið tekur til eru eftirfarandi:


- Gerð verður grein fyrir núverandi og nýjum mannvirkjum og skilgreindar lóðir fyrir öll helstu mannvirki.
- Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir Hrauneyjafossstöð. Settir verða byggingarskilmálar fyrir viðhald og/eða breytingar á núverandi mannvirkjum.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár eru sex vatnsaflsvirkjanir: Búrfellsstöð syðst, þá Sultartangastöð, Búðarhálstöð, Hrauneyjafossstöð, Sigöldustöð og Vatnsfellsstöð nyrst. Samanlagt afl þeirra er 1040 MW. Leitarmannahúsið Þóristungur er syðst á Þóristungum. Húsið stendur við frárennisskurð Hrauneyjafossstöðvar.

2.1 Hrauneyjafossstöð

Deiliskipulagið nær til Hrauneyjafossstöðvar sem tekin var í notkun árið 1981. Virkjunin nýtir 88 m fallhæð við Hrauneyjar. Stærð virkjunar er 210 MW. Virkjunin nýtir vatn úr Tungnaá og Þórisvatni. Tungnaá var stífluð um 1,5 km ofan við Hrauneyjafoss og gerð lágreist jarðvegs- og grjótstífla sem myndar Hrauneyjalón. Lónið er 9,0 km². Úr því liggur um 1 km langur aðrennslisskurður að inntaki við norðurbrún Fossölu. Frárennslisskurður er um 1 km langur og liggur í Sporðöldulón.



MYND 1. Mannvirki Hrauneyjafossstöðvar. Einnig er leitarmannahúsið Þóristungur sýnt við frárennslisskurðinn.



MYND 2. Stöðvarhús, inntak og frárennisskurður Hrauneyjafossstöðvar, sér í Hrauneyjalón ofar. (Mynd: Emil Þór Sigurðsson).

2.1.1 Yfirbragð mannvirkja

Við Hrauneyjafossstöð er stöðvarhús, inntaksmannvirki, aðrennisskurður, stífla, Hrauneyjalón, frárennisskurður, tengivirki, lokuvirki og tækjageymsla. Stöðvarhús og inntaksmannvirki eru steipt með flötu þaki og veggir í ljósum lit. Frá Hrauneyjafossstöð liggur Hrauneyjafosslína 1 að Sultartangastöð. Sigöldulína 2 liggur frá Sigöldustöð að Hrauneyjafossstöð.

2.2 Þóristungur

Leitarmannahúsið Þóristungur er fremst á Þóristungum á Holtamannafrétti. Húsið stendur á flatlendi skammt frá frárennisskurði Hrauneyjafossstöðvar. Aðkoma er af Landvegi (nr. 26), um veg að Hrauneyjafossstöð og vegslóða af honum.

Þóristungur eru skráðar í Þjóðskrá, landnr. 229271 og 165350. Stærð lóðar er ekki skráð. Á staðnum er 140 m² svefnskáli. Byggingarár og eigandi er ekki skráður. Auk þess er á staðnum 71 m² hesthús sem er óskráð.

Á Þóristungum er rétt, tvö hólfr fyrir hesta og hólfr sem nýtt er fyrir fé í leitum. Húsið er í langtímaleigu yfir sumartímann og er einkum nýtt af veiðimönnum og hestahópum. Einnig er það nýtt fyrir smala á haustin.



MYND 3. Leitarmannahúsið Þóristungur. T.v. er gistiskáli og t.h. er hesthús og rétt við það. Frá því myndin var tekin er búið að klæða gistiskálann að utan með ljósri viðarklæðningu. (Mynd: Ingibjörg Sveinsdóttir).

2.3 Náttúrufar

Svæðið næst stöðvarhúsi, inntaki og frárennisskurði er gróið grasi og mosa, auk víðibrúska. Trjám hefur verið plantað á nokkrum stöðum. Við Hrauneyjalón, aðrennisskurð og yfirfall eru lítt grónir melar og hraun. Unnið hefur verið að uppgræðslu næst stöðvarhúsi. Svæðið umhverfis leitarmannahús er grasi gróið.

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna vistlendi graslendi, moslendi, mela- og sandlendi, hraunlendi, votlendi og aðrar landgerðir. Vistgerðir sem finnast eru; snarrótavist, hraungambrovist, eyðimelavist, grasmelavist, eyðihraunavist, melagambrovist, víðikjarrvist, hengistararflóavist, starungsmýravist, tún og akurlendi. Snarrótavist og hengistararvist hafa hátt verndargildi. Víðikjarrvist og starungsmýravist hafa mjög hátt verndargildi, en báðar eru þær útbreiddar á landsvísu.

Samkvæmt vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands þá liggur Tjörvahraun að Hrauneyjalóni og stíflu þess. Tjörvahraun er hluti af Bárðarbungueldstöðvakerfinu og er um 1850 ára. Tjörvahraun nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

2.4 Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna

2.4.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu.

Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggji örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum.

Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálandisins. Uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálandisins. Eftirfarandi stefna er fyrir fjallasel:

- Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.

2.4.2 Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032

Mannvirki Hrauneyjafossstöðvar eru á iðnaðarsvæði og einnig skilgreind sem miðlunarlón, stíflur og skurðir. Þóristungur er á afþreyingar- og ferðamannasvæði og einnig innan hverfisverndarsvæðis.

Iðnaðarsvæði

- Virkjanir taki tillit til umhverfisins og rask á framkvæmdatíma verði eins lítið og mögulegt er. Að framkvæmdum loknum verði landið aðlagð að landi umhverfis.

TAFLA 1. Iðnaðarsvæði.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
15	Hrauneyjafossvirkjun	Stöðvarhús, inntak, aðrennslis- og frárennslisskurðir, Hrauneyjalón, stífla, yfirfall og botnrás, tengivirki. Virkjunin er 210 MW og er heimilt að stækka hana í 300 MW. Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi vélum eða nýjum öflugri vélum. Heimilt er að stækka núverandi stöðvarhús og breikka frárennslisskurð á um 200 m kafla næst stöðvarhúsi. Hrauneyjalón er um 9 km ² . Frárennslis virkjunarinnar er veitt um skurð í Sporðöldulón. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum og	7

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
		stækkun virkjunarinnar. Svæðið er tvískipt. Virkjanasvæðið nær einnig til Rangárþings ytra.	

Hverfisverndarsvæði

Svæðið sem liggur að frárennisskurði og stöðvarhúsi er undir hverfisvernd.

- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Innan hverfisverndarsvæða á afréttinum eru hefðbundnar nytjar, s.s. beit og veiðar áfram heimilar.
- Forðast skal að raska vistgerðum, með mjög hátt verndargildi, sem ná yfir 2 ha eða stærra svæði.
- Hluti víðerna á afréttinum er settur undir hverfisvernd. Leitast skal við að vernda þau og viðhalda lítt snortnu yfirbragði þeirra.

TAFLA 2. Lýsing og skilmálar fyrir hverfisverndarsvæði.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
HV4	Búðarháls – Þóristungur	Landsvæðið milli Þjórsár og Köldukvíslar auk Þóristungna. Nær norður undir Svartagil. Áhugavert gönguland, gljúfur og fossar í Þjórsá og Köldukvísl. Sögu og menningarminjar s.s. Kláfurinn á Tungnaá og minjar við Hald. Stórt lítt raskað víðerni og gróður sem hefur hátt eða mjög hátt verndargildi skv. vistgerðarkortlagningu. Halda skal framkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Ganga skal frá byggingum og umhverfi svo fljótt sem verða má. Forðast skal allt rask á gróðri. Tryggja skal góðan frágang fráveitu. Heimilar eru endurbætur á mannvirkjum og viðhald á vegum og slóðum. Heimilar eru landgræðsluaðgerðir í tengslum við gæðastýringu í sauðfjárrækt og skógrækt með Tungnaá til bindingar kolefnis. Stærð svæðis er um 253 km ² .

Vatnsból, VB6, er sýnt á skipulagsupprætti og afmarkað vatnsverndarsvæði umhverfis það.

Afþreyingar og ferðamannasvæði

- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði gætt að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Mannvirki skulu vera látlaus og nota skal byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds. Gerð er krafa um vandaðan frágang mannvirkja og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi. Forðast skal að raska stærra svæði en nauðsynlegt er.
- Aðstaða í fjallaskálum verði bætt til að mæta þörfum gesta um betri aðbúnað og þjónustu og til að efla mögulega atvinnustarfsemi.
- Afmarkaðar verða lóðir fyrir skála á afréttinum og skal stærð þeirra taka mið af umfangi starfseminnar. Lóðum er eingöngu úthlutað til aðila sem stunda þjónustu eða eftirlit.
- Skálar á afrétti geta verið á 1-2 hæðum.
- Við skála á afréttinum er heimilt að vera með allt að 10 kV vindrafstöð, eða sólarsellur á eða við hús, til að sjá staðnum fyrir raforku.
- Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum. Við endurgerð bygginga á hálendinu og/eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í

núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi og fyrirhugaðri notkun.

TAFLA 3. Heimildir í aðalskipulagi fyrir uppbyggingu á Þóristungum.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR SKV AÐALSKIPULAGI	FJÖLDI GISTIPLÁSSA Í DAG	BREYTING Á FJÖLDA GISTIPLÁSSA
AF2	Þóristungur	Fjallasel á afrétti. Leitarmannahús, hesthús og fjárrétt. Skálinn er einkum nýttur fyrir veiðimenn og vegna hestaferða. Heimilt er viðhald á núverandi mannvirkjum. Heimilt er að vera með 3 hús og heildar byggingarmagn allt að 350 m ² . Stærð svæðis er um 2 ha.	14	40

Efnistökusvæði


- Vanda skal umgengni á vinnslutíma og tryggja sem best að ekki verði fok frá námum. Námur sem nýttar eru yfir lengra tímabil skal lokað eftir því sem kostur er, milli þess sem þær eru nýttar. Við frágang á námum skal aðlaga þær að umhverfinu.

TAFLA 4. Efnistökusvæði á Fossöldu er innan skipulagssvæðisins.

NR	HEITI	LÝSING	MAGN M ³	STÆRÐ HA
E11	Fossalda	Náma vegna vegagerðar.	10.000	1

Umhverfi og yfirbragð

- Leitast verður við að vernda víðerni og viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.



MYND 4. Hluti af Aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032. Skipulagssvæðið er innan bláa hringsins.


2.4.3 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Í aðalskipulaginu, kafla um iðnaðarsvæði, er gerð grein fyrir Hrauneyjalóni og stíflu þess.

HEITI	LÝSING	STAÐSETNING
Hrauneyjalón	Hrauneyjalón er miðlunarlón Hrauneyjafossvirkjunar. Stærð lónsins er 9,0 km ² . Stífla Hrauneyjalóns er að stórum hluta í Rangárþingi ytra.	Afréttur

Hrauneyjalón og stífla þess eru innan hverfisverndarsvæðisins HV13, sem er afréttarsvæði sunnan Tungnaár. Skilmálar eru að ekki verði hróflað við minjum á svæðinu, s.s. gömlum vörðum eða skálum án samráðs við Minjastofnun.

Svæðið sem liggur að Hrauneyjalóni og stíflu þess er skilgreint sem skógræktar og landgræðslusvæði (SL26) og er það hluti af Hekluskógum. Markmið fyrir skógrækt- og landgræðslu er að vinna að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf.



MYND 5. Hluti af Aðalskipulagi Rangárpings ytra 2016-2028. Skipulagssvæðið er innan rauða hringsins.

2.4.4 Samræmi deiliskipulagstillögu við fyrirbyggjandi áætlanir

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við landsskipulagsstefnu. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að aflvélar Hrauneyjafosstöðvar verði stækkaðar svo stöðin nái að framleiða meiri raforku úr sama magni af vatni. Með því er verið að nýta orkulindir betur. Gert er ráð fyrir takmarkaðri uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn. Stefna deiliskipulagstillögunnar hefur ekki áhrif á víðerni.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032 en þar er gert ráð fyrir mannvirkjum Hrauneyjafosstöðvar og aflaukningu. Einnig skála á Þóristungum og frekari uppbyggingu mannvirkja og þjónustu þar.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028 en þar er gert ráð fyrir mannvirkjum Hrauneyjafosstöðvar.

2.4.5 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Hrauneyjafosstöð eða Þóristungur.

2.4.6 Deiliskráning fornminja

Deiliskráning fornminja fyrir svæði Hrauneyjafossstöðvar fór fram haustið 2021 og var unnin af Fornleifastofnun Íslands. Engar minjar fundust innan skipulagssvæðisins¹.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar.

2.4.7 Mannvirkjaskráning

Í tengslum við gerð deiliskipulags var framkvæmd mannvirkjaskráning fyrir mannvirki Hrauneyjafossstöðvar. Markmiðið er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis í samræmi við lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Í gr. 5.3.2.1 í skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, segir *“Í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar og setja markmið og skilmála um verndun og viðhald á grunni þeirrar könnunar”*.

Í mannvirkjaskráningu tekur mat á varðveislugildi til eftirtalinna þátta: Byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis, upprunalegs gildis mannvirkja og ástands. Út frá mati á þessum þáttum eru færð rök fyrir varðveislugildi².

Mannvirkjaskráning var unnin af Úrbanistan 2019. Niðurstaðan er sett fram í skýrslunni „Aflstöðvar á Þjórsár- og Tungnaársvæði. Mannvirkjaskráning³“. Í skýrslunni koma fram leiðbeiningar um hvort og á hvaða hátt megi breyta einstökum mannvirkjum. Leiðbeiningarnar eru lagðar til grundvallar við setningu skilmála um verndun og viðhald mannvirkja á skipulagssvæðinu.

2.4.8 Þjóðlenda

Svæðið er innan þjóðlendu.

Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (Alþingi Íslands 1998).

Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting

¹ (Kristjana Vilhjálmsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021).

² (Guðný Gerður Gunnarsdóttir 2017).

³ (Anna María Bogadóttir 2019).

heimiluð til lengri tíma en eins árs. Ef um er að ræða nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu þarf leyfi forsætisráðherra nema mælt sé fyrir um annað í lögum.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlenda. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlenda sem afrétt fyrir búfánað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirra fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

3 SKIPULAGSSKILMÁLAR

Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir núverandi mannvirkjum Hrauneyjafosstöðvar. Sett verða ákvæði um heimild til breytinga/viðhalds á núverandi mannvirkjum. Einnig er gerð grein fyrir mannvirkjum á Þóristungum og heimildum fyrir uppbyggingu þar.

3.1 Iðnaðarlóðir

Afmarkaðar eru lóðir umhverfis steipt mannvirki.

HEITI	STÆRÐ M ²	MANNVIRKI OG SKIPULAGSSKILMÁLAR
Hrauneyjafosstöðstöðvarhús	20.174,3	Lóð fyrir stöðvarhús og inntak Hrauneyjafosstöðvar, tækjageymslu, bensínskúr og díselhús. Hrauneyjafosstöð er 210 MW. Heimilt er að stækka hana í 300 MW með aflaukningu á vélum.
Hrauneyjafosstöðinntakshús	6.399,7	Lóð fyrir inntaksmannvirki stöðvarinnar. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum.
Hrauneyjafosstöðlokuvirki	7.273,1	Lóð fyrir yfirfall og botnrás í stíflu Hrauneyjalóns. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum.

3.1.1 Skilmálar fyrir mannvirki Hrauneyjafosstöðvar

Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir Hrauneyjafosstöð⁴.

Stöðvarhús og inntakshús

Varðveislugildi mannvirkja er hátt. Verndarflokkur: „Lagt er til að mannvirkið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaraddir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi⁵“, sbr. verndarflokka sem skilgreindir eru af Minjastofnun fyrir húsakannanir.

Út frá mannvirkjaskráningunni eru settir eftirfarandi skilmálar um breytingar á mannvirkjum:

⁴ (Anna María Bogadóttir 2019).

⁵ (Anna María Bogadóttir 2019).

- Komi til breytinga á ytra eða innra byrði mannvirkja er lagt til að byggt sé á upphaflegu efnis- og litavali og frágangssdeilum.

Önnur mannvirki

Hér er um að ræða tækjageymslu, bensínskúr, lokuvirki, inntaksmannvirki og rafstöðvarhús. Öll mannvirki eru með miðlungs eða lágt varðveislugildi. Í mannvirkjaskráningu eru ekki settir skilmálar fyrir þessi mannvirki.

3.2 Lóð fyrir fjallasel á Þóristungum

Afmörkuð er lóð umhverfis mannvirki á Þóristungum.

HEITI	STÆRÐ M ²	MANNVIRKI OG SKIPULAGSSKILMÁLAR
Þóristungur	10.240,7	Lóð fyrir núverandi svefnskála sem er 140 m ² , hesthús sem er 71 m ² . Heimilt er að byggja eitt hús til viðbótar og getur stærð þess verið allt að 139 m ² . Gisting í nýju húsi getur verið fyrir 26 gesti. Heildarfjöldi gesta í gistingu getur verið 40. Innan lóðar er rétt. Heimilt er að halda henni við eða gera nýja í hennar stað.

3.2.1 Skilmálar fyrir mannvirki á Þóristungum.

Núverandi gistiskáli er klæddur að utan með ljósri timburklæðningu. Húsið er með mænispaki. Ný mannvirki skulu vera í samræmi við það og einnig hvað varðar útlit almennt. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er. Þá skal við framkvæmdir leitast við að hlífa gróðri og lágmarka rask á landi.

Hámarks byggingarmagn getur verið 350 m². Mænishæð getur verið allt að 5,5 m m.v. gólfkóta. Gera skal ráð fyrir vatnssalerni í húsum. Heimilt er að nýta mannvirki allt árið.

Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum sem eru á staðnum.

Á Þóristungum er afgirt fjárhólf sem nýtt er fyrir fjallsafnið á haustin. Einnig eru tvö hólf fyrir hesta við veg að Þóristungum. Ekki er heimilt að beita hrossum á svæðinu heldur skal hey flutt úr byggð, af öruggum svæðum m.t.t. sauðfjárveikivarna. Afgangs hey skal notað til uppgræðslu á staðnum.

3.3 Samgöngur

Aðkoma að Hrauneyjafosstöð er af Sprengisandsleið nr. 26 og um núverandi aðkomuveg af henni.

Á uppdrætti er hluti vega skilgreindur sem vinnuvegir og eru þeir einungis ætlaðir fyrir umferð vegna eftirlits, þjónustu og viðhalds á mannvirkjum.

Aðkoma að Þóristungum er um vegslóða frá Hrauneyjafosstöð.

Bílastæði eru við hús, innan lóða og sýnd á deiliskipulagsuppdrætti.


3.4 Veitur

3.4.1 Rafveita

Að og frá Hrauneyjafossstöð liggja tvær háspennulínur.

TAFLA 5. Háspennulínur.

HEITI	STEFNA
Hrauneyjafosslína 1	Liggur frá Hrauneyjafossvirkjun að Sultartangavirkjun, stærð 220 kV.
Sigöldulína 2	Liggur frá Sigölduvirkjun að Hrauneyjafossvirkjun, stærð 220 kV.



MYND 6. Helgunarsvæði háspennulína skv. staðli ÍST EN 50341-3-12:2001.

Rafstrengur liggur frá Hrauneyjafossstöð að Þóristungum.

3.4.2 Vatnsból

Vatnsból eru sýnd á deiliskipulagsupprætti og afmarkað vatnsverndarsvæði umhverfis þau. Vatnsból fyrir Þóristungur er nálægt vegi, en það er tekið úr uppsprettu sem kemur upp úr klöpp. Öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skal vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

3.4.3 Fráveita

Núverandi rotþrær eru sýndar á deiliskipulagsupprætti. Á Þóristungum skal fráveita frá nýju húsi leidd í núverandi rotþró. Frágangur og gerð rotþróar og frárennislagna skal vera í samráði við Heilbrigðis- eftirlit Suðurlands. Tryggja skal aðkomu að rotþró til tæmingar. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveit- ur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

3.4.4 Ljósleiðari

Hrauneyjafossstöð er tengd ljósleiðara. Heimilt er að leggja ljósleiðara að Þóristungum.

3.5 Efnistökusvæði

Á Fossöldu er efnistökusvæði sem nýtt var á framkvæmdatíma núverandi virkjanamannvirkja. Náman var áður á deiliskipulagi fyrir Búðahálsstöð en með breytingu á afmörkun þess fellur hún út.

Í aðalskipulagi er heimilt að taka allt að 10.000 m³ af efni á 1 ha lands. Vanda skal umgengni um námuna og loka henni milli þess sem hún er nýtt. Við frágang námunnar skal aðlaga hana að umhverfinu í kring.

3.6 Sorp

Allt sorp frá Hrauneyjafossstöð er flutt í Búrfellsstöð og flokkað þar. Á Þóristungum skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps. Rúlluplasti skal safnað sér. Sorpi skal ekið til byggða til endurvinnslu. Skipulag sorpmála fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

3.7 Regnvatn

Bent er á þann kost að veita vatni af húsþökum beint niður í jarðveginn. Koma má fyrir malarpúða undir yfirborði, sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytili smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

4 ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

4.1 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálstar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag bygginga á lóðinni.

4.2 Mæliblöð

Á mæliblöðum skal sýna stærð lóðar, lóðamörk, byggingareit húsa og bílastæði.

4.3 Frágangur lóða og umgengni

Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Umgengni skal vera til fyrirmyndar og skal ávallt halda svæðinu sem snyrtilegustu. Að framkvæmdum loknum skal aðlaga land að landinu umhverfis og færa í sem upprunalegast horf. Við framkvæmdir skal haft í huga að þær leiði ekki til jarðvegsrofs eða raski gróðri.

Ef útilýsing er á staðnum skal hún vera lágstemmd og ljósi beint niður.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Við mat á umhverfisáhrifum er notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem koma fram í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi. Þar eru umhverfisáhrif skilgreind sem: „*Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta*“⁶. Þegar breytingar verða á umhverfinu af mannavöldum er talað um umhverfisáhrif. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

5.1 Matsskylda

Bygging orkuvera með 10 MW uppsett rafafli eða meira er háð mati á umhverfisáhrifum (liður 3.02) skv. viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með gerð deiliskipulags er verið að staðfesta núverandi landnotkun, ekki er gert ráð fyrir nýjum framkvæmdum. Aflaukning Hrauneyjafosstöðvar kann að vera tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matskyldu.

5.2 Matsspurningar og viðmið

Stefna deiliskipulagsins og líkleg áhrif hennar verða metin út frá þáttum í töflu 6. Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir ná einungis til Ásahrepps þá er stefna í aðalskipulagi Rangárþings ytra ekki notuð sem umhverfisviðmið.

TAFLA 6. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Jarðvegur – jarðvegsrof.</i> <i>Víðerni.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032. <ul style="list-style-type: none">Virkjanir taki tillit til umhverfisins og rask á framkvæmdatíma verði eins lítið og mögulegt er. Að framkvæmdum loknum verði landið aðlagð að landi umhverfis.Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði gætt að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi.Mannvirki skulu vera látlaus og nota skal byggingar-efni sem þarfnast lítils viðhalds. Gerð er krafa um	Hefur stefnan áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Skerðir stefnan víðerni? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?

⁶ (Skipulagsstofnun 2007).

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	Matsspurningar
	<p>vandaðan frágang mannvirkja og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi.</p> <ul style="list-style-type: none"> Leitast verður við að vernda víðerni og viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p> <ul style="list-style-type: none"> Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun. 	
<p>Gróður og dýr Gróðurlendi og vistkerfi Búsvæði dýra.</p>	<p>Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032.</p> <ul style="list-style-type: none"> Virkjanir taki tillit til umhverfisins og rask á framkvæmdatíma verði eins lítið og mögulegt er. Að framkvæmdum loknum verði landið aðlagð að landi umhverfis. Raskist gróið land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p> <ul style="list-style-type: none"> Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. 	<p>Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?</p>
<p>Heilbrigði Mengun og hávaði.</p>	<p>Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032.</p> <ul style="list-style-type: none"> Öll mannvirki á hálendi skulu hafa fráveitu sem viðurkennd er af heilbrigðiseftirliti. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilnæmu og öruggu umhverfi. 	<p>Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?</p>
<p>Samfélag Orkuvinnsla. Þjónusta við ferðamenn. Atvinnulíf. Útivistarmöguleikar.</p>	<p>Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032.</p> <ul style="list-style-type: none"> Stefna um stækkun núverandi virkjana. Aðstaða í fjallaskálum verði bætt til að mæta þörfum gesta um betri aðbúnað og þjónustu og til að efla mögulega atvinnustarfsemi. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana.</p> <ul style="list-style-type: none"> Orkulindir verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega m.t.t. verndunar víðerna. Ferðaþjónusta: Uppbygging stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks. Gætt verði að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar. 	<p>Stuðlar stefnan að meiri raforkuframléiðslu? Stuðlar stefnan að betri nýtingu á núverandi virkjana- og veitumannvirkjum? Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?</p>
<p>Náttúru- og menningarmínjar og mannvirki Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá. Hverfisvernd. Fornminjar.</p>	<p>Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032.</p> <ul style="list-style-type: none"> Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarmínjar og bæta upplýsingar um þær. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p>	<p>Hefur stefnan áhrif á verndun og viðhald mannvirkja? Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á fornminjar?</p>

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar, menningarminja og sögu. 	

5.3 Valkostir og umhverfisáhrif þeirra

Í umhverfismati ber að fjalla um þá valkosti sem til greina koma og meta líkleg umhverfisáhrif þeirra. Bornir eru saman þeir valkostir sem fjallað er um hér að aftan og lagt mat á líkleg áhrif hvers þeirra.

Fyrirhuguð uppbygging er í samræmi við stefnu í aðalskipulagi.

Valkostir fyrir Hrauneyjafossstöð:

Ekki er um samanburð valkosta að ræða þar sem um óverulegar breytingar er að ræða frá núverandi stöðu. Greint er frá helstu áhrifum af stefnu deiliskipulagstillögunnar.

Stefna í deiliskipulagstillögu: Út frá niðurstöðu mannvirkjaskráningar eru settir skilmálar fyrir mannvirki Hrauneyjafossstöðvar. Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum. Heimild er fyrir meiri raforkuframleiðslu með breytingum innanhúss.

Umhverfisáhrif deiliskipulagstillögu

Stefnan hefur jákvæð áhrif á samfélag. Heimild er fyrir meiri raforkuframleiðslu með því að gera breytingar innanhúss í stöðvarhúsi. Með því verður raforkuframleiðsla meiri og betri nýting fæst á núverandi virkjana- og veitumannvirkjum.

Stefnan hefur jákvæð áhrif á mannvirki. Í tengslum við gerð deiliskipulagsins fór fram mannvirkjaskráning og settir eru skilmálar um verndun og viðhald mannvirkja.

Að öðru leyti hefur stefnan óveruleg áhrif á umhverfisþætti.

Valkostir fyrir Þóristungur:

Stefna deiliskipulagstillögu: Á Þóristungum er gert ráð fyrir að núverandi mannvirki standi áfram, þ.e. gistiskáli með gistingu fyrir 14 gesti og hesthús. Til viðbótar verði byggður nýr allt að 139 m² gistiskáli og heildar gisting geti verið fyrir 40 gesti.

Núll-kostur, eða núverandi staða: Á Þóristungum er gert ráð fyrir að núverandi mannvirki standi áfram, þ.e. gistiskáli með gistingu fyrir 14 gesti og hesthús.

Umhverfisáhrif valkosta

Stefna deiliskipulagstillögu

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg. Mannvirki eru lágreist og látlaus og nú þegar eru tvö hús á staðnum auk réttar. Umhverfið er manngert. Mannvirki eru sýnileg á kafla þegar ekið er um Landveg (nr. 26). Engar þekktar jarðmyndanir eru á því svæði þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Mannvirki skerða ekki víðerni þar sem þau eru á bakka frárennisskurðar Hrauneyjafossstöðvar.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg ef stefnu skipulagsins um að forðast allt óþarfa rask verður fylgt.

Áhrif á heilbrigði eru óveruleg. Vatn er tekið úr uppsprettu og frárennsli er leitt í rotþró.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Þjónusta við ferðamenn batnar með frekari uppbyggingu og rekstri á gistiþjónustu, við það fjölgar atvinnutækifærum. Með betri möguleika á gistingu þá skapast tækifæri fyrir ferðamenn til að stunda ýmis konar útivist á svæðinu.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg/engin ef við framkvæmdir er tekið tillit til þess að svæðið nýtur hverfisverndar.

Núll-kostur, eða núverandi staða

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Mannvirki eru til staðar og umhverfið manngert. Engar þekktar jarðmyndanir eru á svæðinu. Mannvirki skerða ekki víðerni þar sem þau eru á bakka frárennisskurðar Hrauneyjafossstöðvar.

Áhrif á gróður og dýr eru engin þar sem ekki verður um frekari framkvæmdir að ræða. Nýting mannvirkja á ekki að hafa áhrif á gróður og dýr.

Áhrif á heilbrigði eru óveruleg. Vatn er tekið úr uppsprettu og frárennsli er leitt í rotþró.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Þjónusta við ferðamenn er til staðar og er staðurinn einkum nýttur af veiðimönnum og hestahópum. Fjöldi gistiþátta getur þó verið takmarkandi þáttur.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru engin þar sem ekki verður um frekari framkvæmdir að ræða. Nýting mannvirkja á ekki að þurfa að hafa áhrif á náttúru- og menningarminjar.

5.3.1 Niðurstaða

Stefna deiliskipulagsins fellur vel að markmiðum aðalskipulags. Til dæmis hvað varðar að efla raforkuframleiðslu með betri nýtingu á núverandi virkjana- og veitumannvirkjum. Stefnan stuðlar að betri aðstöðu og þjónustu við gesti á Þóristungum og mögulegri fjölgun þeirra.

Settir eru skilmálar fyrir Hrauneyjafossstöð um viðhald mannvirkja og almennt skilmálar um að gæta skuli samræmis í útliti bygginga, mannvirki falli sem best að landi, þau séu látlaus og gengið vel frá þeim.

Í samræmi við landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir takmarkaðri mannvirkjagerð. Ný mannvirki á Þóristungum skerða ekki víðerni þar sem þau eru innan áhrifasvæðis frárennslisskurðar Hrauneyjafossstöðvar.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 41. gr. skipulagslaga.

Deiliskipulagstillagan var unnin í samráði verkkaupa og sveitarfélögin Ásahrepp og Rangárþing ytra. Samráð var við Forsætisráðuneytið þar sem svæðið er innan þjóðlendu.

6.1 Skipulagslýsing

Umsagnir um skipulagslýsingu bárust frá eftirtöldum aðilum: Forsætisráðuneytinu, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Skipulagsstofnun. Við vinnslu deiliskipulags var tekið tillit til athugasemda, eftir því sem við átti.

6.2 Umsagnaraðilar deiliskipulagstillögu

Óskað verður eftir umsögnum um deiliskipulagstillöguna frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Forsætisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Landsnet

6.3 Skipulagsferli

Skipulagslýsing kynnt í júní og júlí 2022



Deiliskipulagstillaga auglýst í lok árs 2022.



Deiliskipulag tekur gildi á vormánuðum 2023.

7 HEIMILDIR

Alþingi Íslands. 1998. *Lög Um Þjóðlendur Og Ákvörðun Eignarlanda, Þjóðlendna Og Afrétta Nr. 58/1998*. Ísland.

Anna María Bogadóttir. 2019. “Aflstöðvar á Þjórsár- Og Tungnaársvæði. Mannvirkjaskráning.” LV-2019–058. Úrbanistan, Landsvirkjun.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2017. “Verndarsvæði í Byggð. Tillaga Og Greinargerð.” Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 3. Minjastofnun Íslands.
http://www.minjastofnun.is/media/leidbeiningarit/Verndarsvaedi_greinargerð_leidbeiningar_utgafa1_03032017.pdf.

Kristjana Vilhjálmsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2021. “Deiliskráning Við Hrauneyjar, Sigöldu Og Vatnsfell.” FS859-21371. Fornleifastofnun Íslands.

Skipulagsstofnun. 2007. “Leiðbeiningar Um Umhverfismat Áætlana.”
<http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>.



DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR STÖÐVARHÚS, TENGIVIRKI OG INNTAK

SKÝRINGAR

- Lóðamörk
- Hús og önnur steipt mannvirki
- Vegir
- Vinnuvegir
- Stífla
- Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Hreinsivirki
- Háspennulína
- Skipulagssvæði

SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulagsuppráttur fyrir stöðvarhús og tengivirki í mkv. 1:2.000.
Deiliskipulagsuppráttur fyrir botnrás og yfirfall í mkv. 1:2.000.
Deiliskipulagsuppráttur fyrir fjallaselið þóristungur í mkv. 1:2.000.
Yfirlitsuppráttur deiliskipulags í mkv. 1:25.000.
Greinargerð með forsendum og umhverfismatsskýrslu.

KORTAGRUNNAR

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.
Kortagrunnar IS50v frá LMÍ.

SAMPYKKTIR

Deiliskipulag þetta var auglýst skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum.

Deiliskipulagið var samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps _____

f.h. Ásahrepps

Deiliskipulagið var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra _____

f.h. Rangárþings ytra



Hrauneyjafossstöð og Þóristungur
Ásahreppur og Rangárþing ytra
Deiliskipulag - uppráttur 1 af 4

VERK:	BLADSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
1611-301	A2	IS	SOS

MÆLIKVARDI:	DAGS:	DAGS.BREYTI:
1:2000	21.11.2022	---







SAMPYKKT: **TILLAGA**

Hrauneyjafossstöð og Þóristungur

Deiliskipulag - botnrás og yfirfall



SKÝRINGAR

-  Lóðamörk
-  Hús og önnur steipt mannvirki
-  Vinnuvegir
-  Stífla
-  Sveitarfélagamörk
-  Skipulagssvæði

SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulagsuppráttur fyrir stöðvarhús og tengivirki í mkv. 1:2.000.
Deiliskipulagsuppráttur fyrir botnrás og yfirfall í mkv. 1:2.000.
Deiliskipulagsuppráttur fyrir fjallaselið Þóristungur í mkv. 1:2.000.
Yfirlitsuppráttur deiliskipulags í mkv. 1:25.000.
Greinargerð með forsendum og umhverfismatskýrslu.

KORTAGRUNNAR

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.
Kortagrunnar IS50v frá LMÍ.



Hrauneyjafossstöð og Þóristungur
Ásahreppur og Rangárþing ytra
Deiliskipulag - uppráttur 2 af 4

VERK:	BLADSTÆRD:	UNNIÐ:	RÝNT:
1611-301	A3	IS	SOS
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:2000	21.11.2022	---	

SAMPYKKT: **TILLAGA**



DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

SKÝRINGAR

- Lóðamörk
- Byggingareitur
- Núverandi hús
- Vegir
- Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Hreinsivirki
- Hestagerði
- Hverfisvernd skv. aðalskipulagi
- Skipulagssvæði

SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulagsuppdráttur fyrir stöðvarhús og tengivirki í mkv. 1:2.000.
 Deiliskipulagsuppdráttur fyrir botnrás og yfirfall í mkv. 1:2.000.
 Deiliskipulagsuppdráttur fyrir fjallaselið Þóristungur í mkv. 1:2.000.
 Yfirlitsuppdráttur deiliskipulags í mkv. 1:25.000.
 Greinargerð með forsendum og umhverfismatskýrslu.

KORTAGRUNNAR

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.
 Kortagrunnar IS50v frá LMÍ.

SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta var auglýst skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum.

Deiliskipulagið var samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps _____

f.h. Ásahrepps

Deiliskipulagið var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra _____


f.h. Rangárbings ytra



Hrauneyjafosstöð og Þóristungur
 Ásahreppur og Rangárbing ytra
 Deiliskipulag fjallasels - uppdráttur 3 af 4

VERK:	BLÁÐSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
1611-301	A2	IS	SOS
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:2000	21.11.2022	---	

SAMÞYKKT: **TILLAGA**



SKÝRINGAR

- Lóðamörk
- Hús og önnur steipt mannvirki
- Vegir
- Vinnuvegir
- Stífla
- Hverfisvernd skv. aðalskipulagi
- Háspennulína
- Fjarskipti - jarðstrengur
- Efnistökusvæði
- Vatnsból og vatnsverndarsvæði
- Sveitarfélagamörk
- Skipulagssvæði
- Staðsetning svæðis

SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulagsuppdráttur fyrir stöðvarhús og tengvirki í mkv. 1:2.000.
Deiliskipulagsuppdráttur fyrir botnrás og yfirfall í mkv. 1:2.000.
Deiliskipulagsuppdráttur fyrir fjallaselið Þóristungur í mkv. 1:2.000.
Yfirlitsuppdráttur deiliskipulags í mkv. 1:25.000.
Greinargerð með forsendum og umhverfismatsskýrslu.

KORTAGRUNNAR

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.
Kortagrunnar IS50v frá LMÍ.



Hrauneyjafossstöð og Þóristungur
Ásahreppur og Rangárþing ytra
Yfirlitsuppdráttur deiliskipulags, uppdráttur 4 af 4

VERK:	BLAÐSTÆRÐ:	UNNIÐ:	RÝNT:
1611-301	A3	IS	SOS
MÆLIKVARDI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:25.000	21.11.2022	---	

SAMPYKKT: **TILLAGA**